

**RE: 2004008 - Afgreiðsla byggðarráðs****Frá :** Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>

fös., 26. jún., 2020 10:21

**Efni :** RE: 2004008 - Afgreiðsla byggðarráðs**Til :** Ástvaldur Elísson <hofakur@simnet.is>**From:** Kristján Sturluson**Sent:** 21.04.2020 13:28:14**To:** Ástvaldur Elísson**Subject:** 2004008 - Afgreiðsla byggðarráðs

Góðan dag Ástvaldur.

Byggðarráð fjallaði um erindi þitt á 243. fundi sínum 16. apríl sl. og var eftirfarandi bókað í fundargerð, dagskrárliður 5:

**2004008 - Sorphirðugjald - gjaldskrá***Bréf vegna gjaldskrár fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.*

Gjaldskrá er sett miðað við umfang heildarflutninga og er endurskoðuð árlega. Í henni er lögð áhersla á að gæta meðalhófs.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með. Til viðbótar vil ég bæta við eftirfarandi svari:

Gjaldskránni var breytt á þessu ári en áður hafði verið verið eitt gjald fyrir öll bú, fyrst fyrir hálf árið 2018 og síðan allt árið 2019. Athugasemdir komu frá þremur aðilum við gjaldskrá ársins 2019, sjá fundargerð 174. fundar sveitarstjórnar Dalabyggðar 10.04.2019 á slóðinni <https://dalir.is/stjornsysla/nefndir-stjornir-ofi/fundargerð/fundur/?id=FiAb5dJxuUm4PUNLhbpfaA1&text=sorp>. Við setningu gjaldskrár fyrir árið 2020 var leitast við að mæta þeirri gagnrýni sem þar kom fram. Á sama hátt verður horft til þíns erindis við vinnslu næstu gjaldskrár. Það er hins vegar ljóst að um leið og farið er að hafa gjaldskrá breytilega eftir stærð búa verða þau mörk sem sett eru alltaf matsatriði. Við gerð gjaldskrárinnar var lögð áhersla á að gæta meðalhófs en hins vegar var það vitað að ólíklegt væri að það næðist niðurstaða sem allir yrðu ánægðir með.

Gjöldum vegna þessarar þjónustu er ætlað að standa undir henni. Það er ekki að nást í dag og greiðir sveitarfélagið með þessari þjónustu. Líta má á gjald vegna sorphirðu sem þessarar eins og tryggingar, þjónustan er til staðar ef þörf er á henni en á sama tíma vonast flestir til að þeir þurfi ekki að notfæra sér hana. Varðandi það að ekki hafi verið veitt þjónusta sl. sumar þá er það misskilningur að mælst hafi verið til að að gripurinn væri grafinn. Ósk um að sækja gripinn kom daginn eftir að vikuleg söfnunarferð hafði verið farin og fullur skilningur á að erfitt geti verið að geyma dýrahrae í heila viku en það er hins vegar ekki valkostur að grafa það. Það hefði mátt kveða skýrar að orði um að það væri óheimilt að grafa dýrahrae en ekki að starfsmaður sveitarfélagsins gæti ekki gefið svör um þetta.

Með góðum kveðjum,

**Kristján Sturluson**

Sveitarstjóri Dalabyggðar

s: +354 4304700

Netfang / email: [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)[www.dalir.is](http://www.dalir.is)

Fyrirvarnt:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Öll önnur notkun er óheimil og vísat til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer: